



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

6. bekkur

Umsjónarkennarar: Gróa Svanbergsdóttir og Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir

Sérkennarar: Þórunn Bergsdóttir

Náttúrufræði: Elva Eir Þórólfsdóttir og Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir

Kristinfræði: Elva Eir Þórólfsdóttir og Gróa Svanbergsdóttir

Íþróttir: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir

Sund: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir

Handmennt: Astrid Hafsteinsdóttir

Myndmennt: Bryndís Kondrup

Hönnun og smíðar: Ingvar Engilbertsson

Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Heimilisfræði: Alda Björk Sigurðardóttir

Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Íslenska	2
Lestur	2
Talað mál og framsögn	2
Hlustun og áhorf	3
Ritun	3
Bókmenntir	4
Málfræði	5
Stærðfræði	6
Enska	8
Hlustun	8
Lestur	8
Talað mál	8
Ritun	8
Samfélagsgreinar	9
Saga	9
Landafræði	10
Náttúrufræði	11
Kristinfræði	13
Lífsleikni	14
Tölvunotkun	14
Upplýsingamennt	15
Hönnun og smíði	16
Heimilisfræði	16
Tónmennt	17
Handmennt	17
Myndmennt	18
Íþróttir	19
Sund	21

Íslenska

Lestur

Markmið

Að nemandi

- nái góðum leshraða og geti lesið almenna texta af öryggi og með viðunandi skilningi
- geti lesið nokkuð flókin fyrirmæli og farið eftir þeim
- geti lesið margvíslega texta og unnið með þá á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri, m.a. á Netinu
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu í upplýsingasamfélaginu

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa og læra ljóð ýmist utanbókar eða túlka innihald þeirra. Einnig lesa þeir sögur í tímum og heima sér til gagns og ánægju. Nemendur lesa ýmist upphátt eða í hljóði. Áhersla verður lögð á leshraða, lestrarlag og lesskilning. Unnið verður með ýmsar bækur, tímarit, rafrænt efni og fleira sem til fellur.

Námsmat

Stöðluð hraða- og lesskilningspróf verða tekin 4-6 sinnum á vetri. Lestrarlag metið með upplestri í tímum.

Talað mál og framsögn

Markmið

Að nemandi

- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- tjái sig munnlega við lausn margvíslegra verkefna í minni og stærri hópum
- geti greint skipulega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- fái tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan
- geti rætt við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og geti rökstutt hana
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga söngva og taki þátt í fjöldasöng
- geti flutt undirbúnar frásagnir og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma
- þjálfist í leikrænni tjáningu og leikjum með áherslu á meðferð talaðs máls



- þjálfist í að segja skopsögur í minni og stærri hópum
- fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa upp ljóð, sögur og frumsamið efni fyrir bekkinn. Nemendur segja frá og útskýra ýmis verkefni og færa rök fyrir máli sínu ef við á. Notaðar verða ýmsar ljóðabækur, sögubækur, rafrænt efni og dagblöð ásamt frumsömdu efni nemenda.

Námsmat

Frammistaða við upplestur á ljóðum, sögum og frumsömdu efni metin reglulega (símat) en einkunn kemur að öðru leyti inn í íslenskueinkunn.

Hlustun og áhorf

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- fái tækifæri til að fylgjast með flutningi á leikriti
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma
- fari í nokkuð flókna leiki þar sem gerðar eru kröfur um að farið sé eftir munnlegum fyrirmælum
- þjálfist í að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim
- þjálfist í að horfa á fræðsluefni með athygli og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram

Námsgögn og leiðir

Nemendur eru þjálfaðir daglega í að fara eftir munnlegum fyrirmælum í skólastarfinu. Nemendur þjálfast einnig í að hlusta á bekkjarfélaga með athygli við upplestur og læra að gagnrýna hver annan á jákvæðan hátt að upplestri loknum. Nemendur horfa og hlusta á fjölbreytt fræðsluefni og verða ýmis verkefni unnin því samfara. Horft er á ýmsa fræðsluþætti á myndbandi. Nemendur fá tækifæri til að hlusta á hljóðsnældur með lesnu efni.

Námsmat

Prepamarkmið hlustunar og áhorfs tengjast fleiri greinum en íslensku og því er ekki sérstakt námsmat fyrir greinina.

Ritun

Markmið

Að nemandi

- geti skrifað hratt og af öryggi og sé farinn að þróa persónulega rithönd
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- geti samið sögur með atburðarás og ort ljóð og skrifað sjálfur
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun
- geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi eða lífi fjölskyldunnar
- skrifi bréf eða fyrirspurn til fyrirtækis eða stofnunar



- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði
- geti lýst skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- geti gert markvissa útdrætti og skráð efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- beiti mismunandi stíl við ritunarverkefni sem hæfir efni og viðtakendum
- þjálfist í að taka við gagnrýni á eigin texta og vinna úr henni með því að endurrita textann
- geti skráð aðalatriði úr texta
- geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn
- geti notað tölvur við ritun og frágang skriflegra verkefna
- þjálfist í rétttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- taki þátt í tölvusamskiptum, m.a. með tölvupósti til jafnaldra hér á landi
- læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý

Námsgögn og leiðir

Skrift: Ýmsar skrifarbækur. Nemendur skrifa ljóð í skrifarbækur. Lögð er áhersla á rétta stafagerð, vönduð vinnubrögð og snyrtilegan frágang.

Stafsetning: *Mál í mótun* (grunnbók og vinnubók), *Ritum rétt* og verkefni við réttritunarorðabók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara. Kennari leggur inn reglur. Unnið er með orðréttan texta og skrifað eftir upplestri.

Ritun: *Ritunarbókin*, ásamt efni frá kennara. Nemendur semja sögur og ljóð. Nemendur æfðir í að gera stutta útdrætti og endursagnir.

Námsmat

Skrift: próf í desember og maí

Stafsetning: Nokkrar kannanir og próf í desember og maí.

Ritun: próf í desember og maí

Bókmenntir

Markmið

Að nemandi

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur
- þekki nokkra íslenska rithöfunda 20. aldar og helstu verk þeirra
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna og geri sér grein fyrir mun þeirra
- læri vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- læri að skrifa úrdrátt úr bókmenntatexta
- taki þátt í leik og túlkun á bókmenntatexta
- leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok



- geri sér grein fyrir mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa bókmenntir og ljóð og vinna verkefni því tengdu. Nemendur lesa og leika leikrit eftir frásögnum. Þeir vinna ýmis bókmenntaverkefni og verkefni um höfunda bókanna. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að gera útdrátt úr bókum sem þeir velja sjálfir, kjörbókarritgerð. *Rauðkápa*, og ýmsar bókmenntir og ljóðabækur notaðar.

Námsmat

Haust: Þrjár kannanir, hver um sig gildir 20%, vinnubók og vinna í tímum 15%.
Ritgerðarvinna 25%

Vor: Ritgerð *Benjamín dúfa* 50 %, vinnubækur og vinna í tímum 50%.

Málfræði

Markmið

Að nemandi

- geri sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum
- þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- læri að fallbeygja mannanöfn og fræðist um tilurð þeirra
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- geti búið til samsett orð af öryggi
- vinni með stofn orða og geti nýtt sér þá kunnáttu við stafsetningu
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- beiti tungumálinu á fjölbreyttan hátt við lausn margvíslegra munnlegra og skriflegra verkefna
- átti sig á hvaða orðmynd er uppfléttimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, spuna, nýyrðasmíð og ýmiss konar orðaleikjum

Námsgögn og leiðir

Unnið með skriflegar og munnlegar málfræðiæfingar. Námsefni sem notað verður er: *Skræða 1 og 2, Mál í mótun og Málrækt 3*. Heildstætt námsefni í íslensku af skólavef. Einnig verða notuð ýmis vinnublöð, textar og rafrænt efni eftir þörfum.

Námsmat

Próf og verkefni.



Stærðfræði

Markmið

Að nemandi

- fáist við verkefni um fjölgun og fækkun, hækkun og lækkun og ræði um hvað sé hlutfallslega „mikið“ í því sambandi
- noti dagatal og riti dagsetningar með algengum rithætti
- kynnist skilgreiningum á algengum rúmfræðihugtökum
- taki þátt í kynningu, einn eða með öðrum nemendum, á verkefni um stærðfræðilegt efni þar sem beitt er töluðu máli, texta og myndritum
- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
- hvað segja forsendurnar?
- hvað á að sýna?
- væri hægt að sjá niðurstöðurnar í hendi sér ef forsendunum væri breytt?
- glími við flókin viðfangsefni í samvinnu við aðra nemendur með því að
- setja þau á svið eða teikna myndir
- búa til töflur
- leita að mynstri eða reglu
- giska á lausnir og prófa þær
- vinna sig til baka
- reyna við einfaldara skylt verkefni
- athuga sértílvik
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- leiti nýrra spurninga þegar lausn á þraut er fundin og hefji athuganir á skyldum viðfangsefnum
- glími við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni, t.d. á einhverju eftirtalinna sviða
- viðfangsefni daglegs lífs
- hönnun og handíðir
- verkefni tengd umhverfi
- athuganir í raungreinum eða stærðfræði (talnafræði, rúmfræði)
- leikir og þrautir
- uppgötví grófar rökfullur
- raði rökkubbum upp eftir eiginleikum
- æfi neitun við val á gögnum
- sjái hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- raði tugabrotum eftir stærð
- kynnist minnsta samfeldi tveggja talna með því að skoða samfeldi út frá mynstrum í margföldunartöflum og ræði um hugtakið minnsta samfeldi í tengslum við samnefnara brota
- skoði mynstur í 9 sinnum töflu og leiti skýringa á því að þversumman í 9 sinnum töflunni er alltaf 9
- kynnist fyrstu 6-8 frumtölunum
- kynnist deilingu með afgangi
- breyti tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot
- breyti einföldum brotum eins og $1/4$, $1/3$ og $3/4$ í tugabrot
- fáist við aðgerðir með heilum tölum með allt að fjögurra stafa útkomu, deilingu þó með eins stafs tölu



- kynnist hlutverki núllsins í samlagningu
- kynnist núlli í margföldun. $200 \cdot 0 = 0$. Hvað er þá $0/200$? En $200/0$?
- margfaldi og deili í tugabrot með einum aukastaf með heilli tölu
- reikni með tugabrotum í hagnýtum tilgangi, t.d. í tengslum við mælingar
- leggi saman samnefnd almenn brot og kynnist samlagningu mjög einfaldra ósamnefndra brota út frá myndrænni framsetningu
- noti reiknivélar við allan algengan reikning
- sjái að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi
- kynnist aðferðum við hugarreikning, s.s. að margfalda með 5 með því að tífalda og deila með 2
- þjálfist í að nota hugarreikning þegar það hentar og rita greinargerð um aðferðir sínar
- kynnist notkun orðsins hlutfall, t.d. í hlutfalli drengja á móti stúlkna í hóp eða hlutföllum í vinnuteikningum
- finni tiltekinn hluta af heild í eðlilegu samhengi
- umreikni verð í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur og öfugt
- geri verðkönnun og beri saman verð, t.d. á 100 g af algengri vörutegund
- reikni 10%, 25% og 50% af stærðum í eðlilegu samhengi
- breyti prósentum í almenn brot
- vinni með ýmis talnamynstur, s.s. giska á reglu sem nemandi hefur hugsað sér
- setji tölur inn fyrir breytur í einföldum stæðum, t.d. $n/2$, $n+3$, $2n+1$...
- vinni að athugunum á reglum um ummál, flatarmál og rúmmál einfaldra hluta
- finni tölu sem x stendur fyrir í jöfnu, t.d. í $2 \cdot x + 3 = 11$
- noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu í hugarreikningi
- telji hliðar, brúnar og horn á margflötungum, t.d. á hinum fimm reglulegu margflötungum
- mæli rúmmál í ml.
- teikni og mæli horn með a.m.k. 5° nákvæmni
- kanni hvaða reglulegir margflötungar geta þakið flöt
- vinni með hornasummu þríhyrnings
- teikni þríhyrning með gefnum stærðum, t.d. með gefnum tveimur hliðum og horninu á milli þeirra, mæli hin hornin og ræði hornasummu þríhyrnings
- finni meðaltal og miðgildi fyrir nokkur gagnasöfn og ræði hvor stærðin lýsi safni betur
- ræði rangar og misvísandi tölfræðilegar upplýsingar, t.d. með því að safna tölfræðilegum upplýsingum í fjölmiðlum um tiltekinn tíma
- noti mismunandi verpla, s.s. peninga, teninga, fjórflötunga, áttflötunga o.s.frv.
- noti tvo eða fleiri verpla, búi til töflu yfir hugsanlega viðburði, geri tilraunir með tiltekinn fjölda viðburða og beri saman við fræðilegar líkur

Námsgögn og leiðir

Stuðst verður við kennslubækurnar *Geisli 2 grunnbók og vinnubók*, stjörnumerkiabækurnar eftir þörfum og *Stærðfræði 5A, 5B, 6A og 6B* ásamt öðrum þjálfunarverkefnum sem kennari gerir. Einnig eru nemendur sendir heim með bækur eftir þörfum. Nemendur eru þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum, verklegum æfingum og vinnu með þrautalausnir. Þeir eru æfðir í notkun á ýmsum hjálpargögnum í stærðfræði eins og hringfara, vasareikni, gráðuboga ofl.

Námsmat

Kannanir 40% Próf við annaskil 60%.



Enska

Markmið

Að nemandi

Hlustun

- skilji það sem fram fer í kennslustofunni á ensku, bæði í tali kennara og samnemenda
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum
- skilji efni af menningarlegum toga, s.s. söngva, ljóð, þulur, ævintýri, barnasögur frá enskumælandi löndum
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- þjálfist í að nota efni, sem hlustað er á, í tengslum við aðra færniþætti, t.d. í ferlisverkefnum

Lestur

- skilji texta af margvíslegri gerð, s.s. sögur fyrir börn, ævintýri, upplýsingatexta, fræðsluefni, myndasögur, þulur, ljóð
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti unnið með lesefni í tengslum við aðra færniþætti
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum, í bókum, á geisladiskum eða Neti

Talað mál

- sé fær um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara og samnemendur, þ.e. biðjast afsökunar, biðja viðmælanda um að endurtaka, biðja um leyfi
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu
- geti tjáð sig munnlega um viðfangsefni í náminu á áheyrligan hátt, t.d. í stuttum frásögnum, samtölum eða endursögnum

Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi stutta, einfalda texta eftir fyrirmyndum
- fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- þjálfist í að nota ritun í ferlisverkefnum
- geti tengt saman ritað mál og myndrænar upplýsingar í framsetningu

Námsgögn og leiðir

Unnið verður með námsefnið *Build up 1. Hickory, Dickory og Dock* Nemendur vinna verkefni, hlusta á texta, lesa, skrá orðaforða, skrifa einfaldar setningar og þjálfra framburð og tal. Stefnt er að því að nemandur fái tækifæri til að nota Netið í náminu. Notuð verða ýmis verkefnablöð samhliða bókinni.

Námsmat

Haustönn: Kaflapróf 50%, annarpróf 50%. Vorönn: Munnlegt próf 10%, Kaflapróf 40 % og skriflegt próf 50%.



Samfélagsgreinar

Saga

Markmið

Að nemandi

- kanni hve þekktur Snorri Sturluson er, hvar nafni hans er haldið á lofti og á hvern hátt (á vefsíðum á Netinu, ritum á bókasafni, myndum, styttnum o.fl.)
- kynnist nokkrum atriðum í lífshlaupi Snorra, einkum fóstur hans í æsku, kvonföngum, ríkidæmi, stjórn málaafskiptum, ritstörfum og sambandi hans við konungshirð í Noregi
- setji sig í spor Snorra sem settur var í fóstur á unga aldri
- kynni sér konur í lífi Snorra (eiginkonur, frillur, dætur) og meti stöðu þeirra og svigrúm í ljósi hagsmuna, siðvenju og tilfinninga
- finni í hverju ríkidæmi Snorra fólst
- kanni á hverju vald og áhrif Snorra byggðust
- kynni sér stöðu og hlutverk Snorra við norsku hirðina og konungshugmyndir hans og samtímamanna hans
- geti hugleitt að hvaða marki vitneskja um höfðingjann Snorra og menntamanninn getur verið lykill að lífi og tilveru annarra á hans tíð
- þversnið: komist í kynni við rit Snorra Sturlusonar, kanni um hvað þau fjalla, lesi sýnishorn úr þeim og meti gildi þeirra
- geri sér ljóst hvaða vandkvæðum það er bundið að skapa sér mynd af hversdagslífi og viðhorfum almennings á fyrri öldum
- spái í brotakenndar lýsingar á amstri og gleðiefnum alþýðu á Íslandi á miðöldum
- kanni hugmyndir um heimili á Íslandi með hliðsjón af lífsbjörg (framleiðslu og aðföngum), húsakosti og heimilisfólki
- leiti merkja um áhrif kristni, klaustra og kirkju á menntir, hugarfar og lög í landinu
- komist að því hvaða hlutverki ættir og blóðhefndir gegndu í samfélaginu
- kynnist dráttum í formlegu stjórnkerfi landsins
- finni hvað helst var selt úr landi af framleiðsluvörum og hvaða breytingar urðu á útflutningsgreinum á tímabilinu
- velti fyrir sér (t.d. í skáldaðri sögu) möguleikum einstaklinga af ýmsum stigum til að hafa áhrif á tilveru sína t.d. þræla til að öðlast frelsi; kotunga til að fá að lifa í friði; kvenna til að beita sér í hjónabandi og sem frillur eða ekkjur; barna til að lifa og leika sér; höfðingja til að auka völd sín og áhrif og/eða stilla til friðar; biskupa til að bæta siðferðið
- *langsnið*: kanni hvaða tilfinningar foreldrar báru til barna sinna gegnum tíðina
- kynni sér riddaralíf á miðöldum, í veruleik og skáldskap
- kynni sér valin myndverk, t.d. Bayeux-refilinn, kalkmálverk í dönskum kirkjum, Valþjófsstaðahurðina eða dómsdagsfjalirnar í Flatatungu
- kynni sér pílgrímsferðir Íslendinga til Rómar og Jerúsalem
- kunni deili á siglingum norrænna manna til Grænlands og Ameríku
- kanni svartadauða í Evrópu, þar á meðal á Íslandi
- kynni sér ferðir Marcos Polos til Kína
- kanni Inkaríkið í Suður-Ameríku
- fái mynd af konungsveldum og mannlífi í Vestur-Afríku, einkum út frá ferðalýsingum Ibn Battúta
- læri um siglingar og langferðir á miðöldum, t.d. norrænna manna til Grænlands og Vesturheims og Kínverja til Afríku



- kynnist siglingum Portúgala og Spánverja um heimshöfin, m.a. til Ameríku og suður fyrir Afríku
- kanni nokkrar af þeim umbreytingum sem fylgdu í kjölfar landafunda, svo sem hvernig sjúkdómar frá gamla heiminum felldu frumbyggja Ameríku; hvernig sóttkveikjur frá Ameríku herjuðu á Evrópu; hvernig Afríkubúar voru seldir í þrældóm til Ameríku; hvernig nytjajurtir og góðmálmur höfðu áhrif á lífsbjörg og valdahlutföll í Evrópu; hvernig Evrópa styrkti stöðu sína
- leitist við að meta breytni og tilfinningar fyrri tíðar fólks út frá forsendum þess
- velti fyrir sér tengingum og samhengi í námsefninu, m.a. milli einstaklinga og hópa, milli höfðingja og almennings, Íslands og útlanda, þess sem einstakt er og þess sem hefur almennara gildi
- gæti að heimildum um það sem fyrrum gerðist — um hvað vitneskja sé til og um hvað ekki, hvað sennilegt sé og hvað ósennilegt, hvaða tengsl séu milli skáldskapar og sannfræði

Námsgögn og leiðir

Söguáferðarverkefni um Snorra Sturluson unnið. *Sjálfstæði Íslendinga 1.* notuð með.

Námsmat

Vinnubók og verkefni verða metin, bæði hópaverkefni og einstaklingsverkefni. Einnig próf.

Landafræði

Markmið

Að nemandi

- læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum
- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi
- þekki á Evrópakorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- átti sig á að hann er að alast upp við aðstæður sem eru síbreytilegar
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lífnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandabjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst



Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni um Norðurlönd þar sem stuðst verður m.a. við leitarnám. Þeir skoða myndbönd um Norðurlönd og afla sér heimilda með ýmsum hætti. Nemendur fá í hópum úthlutaða eina Norðurlandapjóð og gerast sérfræðingar um hana og kynna síðan fyrir bekkjarfélögum. Kennslubókin *Norðurlönd* notuð ásamt vinnubók og kortabók.

Námsmat

Vinnubók 20% og hópavinna 20 %. 3 kannanir 60%.

Náttúrufræði

Markmið

Að nemandi

Úr eðlisvísindum

- geri athuganir með flotkraft mismunandi hluta
- geri athuganir með núningskraft á mismunandi yfirborði
- mæli kraft með gormvog, s.s. þegar hlutum er sökkt í vatn og þeir dregnir eftir mismunandi yfirborði
- vinni með loft og með hluti í lofti, t.d. með blöðrur, með því að blása í rör eða að búa til mismunandi hluti sem svífa í lofti
- mæli vegalengd og ferðatíma hluta sem eru á hreyfingu, t.d. leikfangabíla, í frjálsum íþróttum, bíla úti á götu
- vinni einfalda útreikninga á hraða út frá eigin gögnum
- geri athuganir á ýmsum einföldum vélum og tækjum, t.d. á skrúfjárnri og hamri og hafi nýtt vogarafl, t.d. með spýtuþlanka og kubbum
- vinni með hluti eins og vindu, tannhjól og skáflöt og skoði hvar þeir koma fyrir og nýtast í daglegu lífi
- þjálfist í að mynda og hlusta á margvísleg hljóð
- vinni með hluti sem sveiflast reglulega, s.s. pendúl eða gorm með lóð
- geti lýst bylgjuhreyfingu á vatni með því að nota hugtökin öldutoppur, öldudalur og bylgjulengd
- geri athuganir, t.d. á strengjahljóðfæri, þar sem greint er á milli lágra og hárra tóna og bylgjur frá þeim skoðaðar á tölvuskjá
- geri athuganir sem sýna styrk hljóðs, t.d. með því að skoða titring í hátalara

Úr jarðvísindum

- vinni við líkön sem sýna: stærð jarðar og reikistjarna; fjarlægð þeirra frá sólu
- geri sér grein fyrir mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar og þekki í því sambandi hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í umhverfi sínu
- þekki einkenni helstu jarðsögutímabila á jörðinni
- ræði um margvíslegar breytingar sem verða á yfirborði jarðar við náttúruhamfarir; eldvirkni, jarðskjálfta, flóð og vinda
- rannsaki og beri saman mismunandi jarðveg með tilliti til kornastærðar og dreifingar, s.s. ármöl, sjávarmöl, foksand, mold
- skoði jarðmyndanir í heimabyggð og þekki myndun þeirra, s.s. landmótun, setlög,



- malarnámur, hraun, eldstöðvar
- Úr lífvísindum
 - kynnist völdum þáttum úr þróunarsögu lífs á jörðinni, einkum risaeðlum
 - geri athuganir í ferskvatni og kanni mismunandi þætti: lífríkið; fæðukeðjur; áhrif umhverfisþátta, s.s. birtu, hita, botnagerðar og framburðar; áhrif mannsins
 - þekki alla íslenska ferskvatnsfiska og hvernig þeir hafa borist til Íslands
 - geri sér grein fyrir að líkami mannsins tekur stöðugum breytingum frá fæðingu til dauða
 - þekki að frumur eru byggingareiningar lífvera, m.a. með skoðun í smásjá
 - þekki hver eru helstu hlutverk og einkenni mismunandi frumna mannlíkamans, t.d. blóð-, fitu-, kyn-, bein- og taugafrumna
 - fjalli um einkenni og hlutverk kynþroskans, þ.e. að geta eignast afkvæmi með eiginleika beggja foreldra
 - fjalli um líffræðilegar orsakir þeirra breytinga sem verða á líkamanum á kynþroskaaldrinum
 - skilji að einstaklingar þroskast mishratt vegna arfbundinna eiginleika og að slíkur einstaklingsmunur er eðlilegur
 - þekki og geti beitt ýmsum hugtökum tengdum kynþroska, æxlun, fósturþroska og fæðingu
 - skilji mikilvægi heilbrigðs lífvernis á meðgöngu fyrir fósturþroska og fæðingu

Lífvísindi

Námsgögn og leiðir

Á haustönn fræðast nemendur um vatn, mikilvægi þess og lífríki í fersku vatni. Farið verður í vettvangsferð að Hundatjörn og gögnum safnað til rannsókna. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók, þeir velja sér einn fisk sem þeir skoða rækilega og kynna fyrir öðrum nemendum bæði með teikningu og útskýringum. Horft verður á myndbönd um náttúruna. Bókin *Lífríki í fersku vatni* notuð. Ýmis heimildarit um gróður, fugla og önnur dýr. Glærur og myndefni um náttúruna.

Námsmat

Þrjú kaflapróf 60%, vinnubók 25%, vinnusemi 15%.

Eðlis- og jarðvísindi

Námsgögn og leiðir

Á vorönn verður farið í námsefnið *Auðvitað 2*. Ýmsar tilraunir gerðar, skrifleg verkefni, verkleg vinna og athuganir.

Námsmat

Vinna og virkni nemenda í verkefnum og hópavinnu ásamt kaflaprófum.



Kristinfræði

Markmið

Að nemandi

- þekki grundvöll kristinnar sköpunartrúar og geri sér ljósa ábyrgð mannsins á sköpunarverkinu, sjálfum sér og náunga sínum
- fái tækifæri til að ræða mismun á trú og vísindum í tengslum við sköpunartexta Biblíunnar
- kynnist dómara- og konungatímabilinu í sögu Ísraelsþjóðarinnar þar til ríkið klofnar, speki Salómons og sálum Davíðs
- komist í kynni við jólaguðspjall Jóhannesar og merkingu tákna ljós og orð, skilji hvers vegna Jesús var kallaður sonur Davíðs með tilvísun í Messíasarspádóma Gamla testamentisins
- kynnist og geti dregið lærdóm af nokkrum af dæmisögum Jesú, m.a. um synina tvo, kvöldmáltíðina miklu, sáðmanninn, mustarðskornið og súrdeigið
- þekki atburði páskadags, hina kristnu upprisutru og viðbrögð lærisveina Jesú við dauða hans og upprisú
- geri sér grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutruin hefur fyrir kristna einstaklinga andspænis dauðanum og þá von sem henni tengist
- öðlist þekkingu á atburðum hins fyrsta hvítasunnudags og kynnist frumsöfnuðinum, m.a. með frásögum af gjöf heilags anda, Stefáni píslarvotti og köllun Sál frá Tarsus og skilji tengsl tilbeiðslu og guðsþjónustu frumsafnaðarins við kristið helgihald nú á dögum
- verði handgenginn völdum frásögnum af hlut kvenna í starfi frumsafnaðarins
- þekki postullegu trúarjátninguna og geri sér grein fyrir því að hún felur í sér grundvallaratriði kristinnar trúar og er sameiginlegur arfur nær allra kristinna kirkjudeilda
- kynnist íslenskum sálmakveðskap á 20. öld
- fáið við siðferðileg efni tengd minnihlutahópum og fötluðum og samskiptum nemenda, svo sem einelti og hópprýstingi
- öðlist skilning á mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar og temji sér ábyrga afstöðu í þeim efnum
- kynnist völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum

Námsgögn og leiðir

Bókin *Ljós heimsins* er lögð til grundvallar ásamt vinnubók af Skólavefnum. Ýmsar kennsluaðferðir verða notaðar, s.s. umræður, hópavinna, einstaklingsvinna o.fl. Nemendur vinna verkefnablöð upp úr efninu. Nemendur fá að kynnast völdum þáttum úr hindúasið, ýmsar bækur eru notaðar í þeirri kynningu og upplýsingar fengnar af Netinu.

Námsmat

Tvö heimapróf 60%. Vinnubók 30% og virkni 10%. Lögð er áhersla á snyrtileg vinnubrögð.



Lífsleikni

Markmið

Að nemandi

- viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- geti í samvinnu við aðra komið sér saman um leikreglur þar sem jafnréttis er gætt
- vegi og meti þætti sem geta styrkt og stutt við samheldni fjölskyldu og treyst fjölskyldubönd
- þjálfist í að vega og meta ólíka kosti með gagnrýnu hugarfari
- átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, umhverfi, eigin eigur og annarra
- geti lýst störfum sem hann hefur fengið tækifæri til að kynnast, t.d. störfum foreldra sinna
- geti nýtt sér upplýsingar úr fjölmiðlum og öðrum miðlum um daglegt líf og nauðsynjar
- geri sér grein fyrir ýmsum kostnaði, t.d. rekstri og kostnaði á reiðhjólum eða kostnaði vegna umönnunar gæludýrs
- geti bent á auglýsingar sem höfða til barna
- þekki vel starfshætti, reglur, skipulag og áherslur skóla síns
- kunnir helstu umferðarreglur og þekki algengustu umferðarmerki

Námsgögn og leiðir

Sýn skólans er höfð að leiðarljósi í allri vinnu með nemendum í lífsleikni. Litið er á lífsleikninámsgreinina sem hluta af þátttöku í daglegu lífi og starfi barnanna í skólanum og heima. Leitast er við að góð samskiptatengsl séu milli heimilis og skóla. Nemendum eru kennd almenn lífsgildi og þeim leiðbeint við samskipti, umgengni og aðra almenna hegðun daglegs lífs með það í huga. Lög og reglur eru ígrundaðar þar sem við á. Lögð verður áhersla á uppbyggjandi umræður og vinnu í bekkjunum. Einnig verða bekkjarfundir haldnir reglulega yfir veturinn.

Námsmat

Virgni og vinnubrögð nemenda verða metin ásamt verkefnum sem lögð verða fyrir nemendum (símat). Mat er í formi umsagnar.

Tölvunotkun

Markmið

Að nemandi

- kunnir að búa til og nota möppur í tölvu
- nái tókum á réttri fingrasetningu á lyklaborði
- geti tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- kunnir meðferð á myndum og texta af geisladiskum og af neti
- geti sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- geti brotið um flókinn texta með myndum s.s. bekkjarblað



Námsgögn og leiðir

Nemendum er skipt í tvo hópa og kennt aðrahverja viku á móti heimilisfræði. Kennsluforritið Ritfinnur notað til að æfa fingrasetningu. Nemendur nota ritvinnsluforritið Word og eru þjálfaðir í nokkrum algengum aðgerðum þess forrits s.s. að breyta lettri, setja inn töflur og dálka, búa til einfalt graf í skjali, finna orð í texta og skipta út fyrir önnur, setja inn blaðsíðunúmer og prenta skjöl. Lögð er áhersla á að nemendur læri að vista á réttum stöðum og að þeir gefi skjölum nafn. Nemendur búa til möppur fyrir skjöl og annað efni sem þeir nota og sækja efni af neti og vista á disk og/eða heimasvæði.

Notuð verður kennslubókin *Ritvinnsla -Skref fyrir skref-* ásamt verkefnum í Word frá Námsgagnastofnun.

Námsmat

Frammistaða nemenda í tímum og virkni, 100%.

Upplýsingamennt

Markmið

Að nemandi

- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey), kunni á útlánakerfi safnsins og sé sjálfbjarga við lántöku á gögnum
- kunni að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum og fræðibókum (t.d. eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá).
- geti fundið lykilorð í texta
- kunni að skipuleggja heimildavinnu; þ.e. geti mótað spurningar út frá efni og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf, valið upplýsingaveitur, aflað heimilda, flokkað og greint þær, varðveitt heimildir á skipulegan hátt og unnið úr upplýsingum
- gert grein fyrir niðurstöðum sínum
- geti vitnað í heimildir
- þekki mismunandi tegundir bókmennta
- þekki helstu íslenska rithöfunda og verk þeirra
- viti að til eru lög um höfundarrétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar
- sýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis

Námsgögn og leiðir

Verklegar æfingar verða á safninu, s.s. við röðun bóka, heimildaleit og við leit í gegnir.is. Nemendur verða æfðir í að gera grein fyrir heimildaleit bæði munnlega og skriflega; að vitna í heimildir og gera heimildaskrá. Unnin verður bókmenntaritgerð í samvinnu við umsjónarkennara og læra nemendur grunnatriði í ritgerðarsmíð í tengslum við vinnuna. Hver bekkur fær einn tíma á viku á safninu í u.þ.b. eina önn og vinnur helmingur bekkjar þar í einu.

Námsmat

Kennari sendir umsögn til umsjónarkennara eftir að hafa metið vinnu í tímum jafnóðum yfir önnina.



Hönnun og smíði

Markmið

Sjá aðalnámskrá grunnskóla 2007, Hönnun og smíði. Prepamarkmið 6. þrep.

Námsgögn og leiðir

Rifjuð upp gerð einfaldrar rafrásar. Áhersla á hönnun og skipulagsvinnu, Verklegar æfingar í notkun lóððbolta og tengingum raflagna.. Smíðaðar frumgerðir hluta sem kæmi til greina að framleiða. Einkum leiktæki, leikföng og innanstokksmunir. Sumt rafknúíð.

Námsmat

Símat kennara; hönnun 25%, tækni 25%, verklag 25% , ástundun 25%.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemandi

- kynnist orkueiningum fæðunnar (he., kcal og kJ)
- kynnist orkuefnum fæðunnar og læri um hlutverk þeirra í líkamanum
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna
- tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu við að hreinsa, flýsja, skera, brytja, saxa og sjóða
- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með kjöt-, fisk- og eggjaflokk
- öðlist færni í að meta útlit og gæði matvæla sem unnið er með (kjöt, fiskur, egg)
- kanni hvaða næringarefni eru í þeim matvælum sem unnið er með
- fái þjálfun í að lesa úr fatamerkingum og flokka þvott
- læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- fái þjálfun í að gera verðsamanburð á tilbúnum og heimagerðum mat (pítsa, samlokur)
- tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
- temji sér að velja umhverfisvænar vörur og nota þær skynsamlega
- læri hvaða sorp má endurnýta

Námsgögn og leiðir

Unnið með bókina *Gott og gagnlegt*, 2. hefti fyrir miðstig og vinnubók.

Nemendur mæta í hverri viku í tvær kennslustundir, hálfan veturinn, helmingur bekkjarins í senn. Nemendur vinna í litlum hópum. Þeir þjálfu helstu bakstursaðferðir og matreiða einfalda rétti með áherslu á kjöt- og fiskfæðuflokk. Í verklegum tímum vinna nemendur oftast 2 saman en stundum 3. Leitast er við að hópar séu mismundandi frá einum tíma til annars til þess að nemendur æfist í að vinna með sem flestum. Stundum er sýnikennsla notuð til að útskýra fyrir nemendum en einnig er útskýrt í upphafi hvernig besta er að vinna verkefnið. Kennari gengur milli hópa og útskýrir aðferðir jafnóðum.

Bóklegir tímar eru samhliða verkegri kennslu. Þá er fjallað um næringarefnin, orkuefnin, vítamín og steinefni, mikilvægi þess að borða reglulega og holla fæðu. Í 6. bekk er aðaláhersla lögð á kjöt- og fiskflokk og nemendur læra ýtarlega um fæðu í þeim flokki. Einnig verður fjallað um gamlar vinnsluaðferðir við að geyma mat og farið á Minjasafnið á þorra í



tengslum við það. Umhverfisvernd, innkaup og umbúðir svo og þvottur og þvottamerkingar verða einning til umfjöllunar.

Leiðir sem notaðar eru til að nálgast viðfangsefnin eru innlögn kennara um viðeigandi námsþátt og umræður í tengslum við hann, þá vinna nemendur verkefni tengt viðfangsefninu í vinnubók. Stundum er um einstaklingskennslu að ræða en stundum hentar betur að hafa hópvinnu. Þegar nemendur eru að vinna með nýja þætti s.s. næringarefnaöflu er gott fyrir þá að vera 2-3 saman að skoða og lesa úr henni.

Námsmat

Námsmat í bóklega þættinum byggir á könnun í lok annar, verkefnabók ásamt öðrum verkefnum. Sá hluti gildir 25%. Í verklegum tímum er vinnusemi, umgengni, samvinna og hegðun ásamt virkni metin. Verklegi hlutinn gildir 75%.

Tónmennt

Markmið

Að nemandi

- öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri, marimba
- öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- geti sýnt fram á þekkingu á tónlist sem hann hefur hlustað á frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum
- sýni áhuga og taki þátt í ólíkum þáttum tónlistarinnar

Námsgögn og leiðir

Nemendur hlusta á tónlist sem þeir sjáfir hafa valið og ræða um hana. Nemendur hlusta á ýmsa söngleiki sem kennari velur og ýmis verkefni unnin upp úr þeim. Einnig fá nemendur að kynnast Marimba hljóðfærum frá Suður – Afríku. Nemendur læra um framandi tónlist, kvikmyndatónlist og hermitónlist með námsefni sem heitir það er gaman að hlusta á framandi tónlist o.s.frv. Sungið er upp úr söngheftinu Syngjandi skóli.

Námsmat

Virkni, áhugi og hegðun nemenda metin.

Handmennt

Markmið

Að nemandi

- geri skissur af hugmynd sinni og þjálfast í að tjá sig um hugsanlega útfærslu í textílvinnu
- vinni mynstur þar sem formum er raðað saman
- þjálfast í að yfirfæra áunna þekkingu frá öðrum greinum, t.d. stærðfræði, fyrir mynsturgerð
- vinni mynstur með hjálp tölvu og geri tilraunir með litasamspil
- búi til einfalt pappírssnið af nytjahlut
- öðlist færni í að sníða úr textílefni eftir eigin pappírssniði og mæla fyrir



saumförum

- læri að spóla og þræða tvinna á saumavél
- saumi óregluleg form á saumavél
- skreyti nytjahlut með hjálp saumavélar
- læri að hekla loftlykkjur, fastahekl og/eða stuðlahekl
- noti skriflegar leiðbeiningar og handbækur
- sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- noti hugtök og heiti textílgreinarinnar
- viti að í íslensku bændasamfélagi fortíðarinnar var fatnaður næstum alfarið unninn á heimilum
- sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- þjálfist í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjá sig munnlega um það
- geri sér grein fyrir að mistök og tilviljanir geta leitt til óvænts árangurs

Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna með ólíkan efnivið og mismunandi tegundir lita. Nemendur gera krosssaumspúða, frágangur með bútasaum, læra að þæfa ull og gera þá litlar töskur eða mynd.

Námsmat

Virkni og vinnubrögð í tímum metin. Hvert verkefni metið þegar því er lokið. Formlegt mat í febrúar og maí.

Myndmennt

Markmið

Að nemandi

- noti módel og snið sem hluta af vinnuferli
- kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- vinni með stærðir og hlutföll
- geti sýnt fram á að stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif
- blandi saman ólíkum eignum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, s.k. blandaða tækni
- geti unnið þrívíð verk sem sýni áhrif ljóss og skugga á form og áferð
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- þekki feril hönnunar frá hugmynd til vöru
- geti gengið frá verkefnum, eignum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika, þ.e.a.s. eigin fatnað, húsgögn, hjól, merki, tölvuleiki o.s.frv.
- viti að litir hafa mismunandi þýðingu í lífi mannsins, bæði hvað varðar áhrif þeirra á tilfinningar og merkingu þeirra, t.d. sem tákn götuvatans, á vatnskrananum, í kirkjunni o.s.frv.
- skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum



- hans
- skoði mynddæmi um verk unnin í anda expressjónisma og geti lýst einkennum hans
 - skoði mynddæmi um rýmislist („land-art“, landslagsarkitektúr, byggingarlist og innsetningar)
 - vinni mynd með áherslu á tilfinningalega túlkun litarins
 - geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
 - kanni mismunandi útfærslu impressjónista á ljósi og áhrifum þess, t.d. á yfirborð hluta, liti og litameðferð
 - kanni mismunandi útfærslu expressjónista á andófi gegn raunsæi og áherslu þeirra á innri sannindi, viðhorf og tilfinningar gagnvart raunveruleikanum
 - geti lagt rökstutt mat á hönnun í umhverfi sínu
 - geti lagt rökstutt mat á rýmislist í umhverfi sínu, s.s. skólalóð

Námsgögn og leiðir

Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki. Markmið myndlistarkennslu er, auk þess að kenna tjáningarleiðir myndlistar, að gera nemendum kleift að skilja myndræna hugsun og gera þá læsa á sjónrænt umhverfi sitt. Dæmi um viðfangsefni eru; upprifjun á litafræði. Teikning, ýmsar aðferðir, blýantur, túss ofl. Hönnun; nemendur þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika. Myndbygging, tvívíð og þrívíð form. Inn í námið verður fléttað fróðleik um listamenn og stefnur og e.t.v farið á listasafn.

Námsmat

Litameðferð, þekking, áræði í vali á verkefnum og vandvirkni er metin í hverju verkefni ásamt því hvort farið er eftir fyrimælum.

Íþróttir

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu og handahlaupi
- þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum kollhnís, löngum kollhnís og aftur litlum kollhnís, utanverðu stökki yfir kubb, lendingu, kollhnís áfram í réttstöðu, handstöðuveiltu, forhoppi, handahlaupi, teygjuhoppi með hálfum snúningi, jafnvægisstöðu á öðrum fæti, kollhnís áfram í réttstöðu, langstökki með atrennu, hástökki með frjálstri aðferð, sveiflum í hringjum, hálfum snúningi um langás, afstökki í aftursveiflu og hliðarstökki yfir kubb eða kistu
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleikjum, kast- og gripleikjum, hittnileikjum og samspilsleikjum
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi, s.s. handknattleiks og innihökkýs (bandy), badmintons og tennis
- nái tókum á undirstöðuatriðum í einni vetraríþrótt, s.s. skautaíþrótt og skíðaíþrótt



- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum og knattleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, hópíþróttaleikjum, flóknum samspils- og hittnileikjum
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla kraft, s.s. tvímenningsæfingum og fangbrögðum af ýmsum toga
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í 11 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. undirsveiflu á slá í terru, afstökki og lendingu
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð, s.s. eltingaleikjum af ýmsum toga og viðbragði eftir merki kennara
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. boltakast með 80 g bolta og liðleikapróf, t.d. að teygja fram á kassa
- taki þátt í hringþjálfun sem nær til 3-4 vikna
- nái tókum á einföldum dönsum
- taki þátt í dans- eða spunaverkefni með eða án tónlistar
- taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- þjálfist í að bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd
- leikja, ýmissa æfinga og útivistar
- fái jákvæða upplifun af íþróttaiðkun utanhúss
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- vinni ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi og þolinmæði
- þjálfist í leikjum og æfingum sem efla snertingu, samvinnu, eftirvæntingu og jákvæða upplifun
- þjálfist í að nota líkamann sem tjáningartæki í dans- og dramaverkefnum
- taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl
- taki þátt í umræðu um skaðsemi ávana- og fíkniefna og misnotkunar lyfja fyrir líkama og sál
- öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þeirra á skyn-, hreyfi- og líkamsþroska
- fræðist um mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái tókum á undirstöðuatríðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í útivist, s.s. gönguferð eða helgarferð þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs og fatnaðar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tengslum við skipulag eigin þjálfunar.

Námsgögn og leiðir

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttbuxur, stuttermabolur og innanhús-íþróttaskór. Reynt verður af fremsta megni að nálgast markmið kennslunnar í gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur vinna töluvert í stöðvahringjum, þar sem áhersla er lögð á að efla kraft, fimi og liðleika.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Helsta markmið þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á



viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir verða lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á haust- og miðönn eru gerðar athugasemdir en í lok vorannar er formlegt námsmat.

Sund

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta útfærslu hreyfinga í bringusundi, skriðsundi, baksundi, skólabaksundi og kafsundi
- náí tökum á helstu undirbúningsæfingum fyrir flugsund
- náí tökum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 50 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi og 25 m baksundi
- þjálfist í stungu af bakka
- þjálfist í að kafa eftir hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 metra sund
- læri helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu sundi í ákveðinn tíma og boðsundsæfingum
- taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðna vegalengd innan ákveðinna tímamarka, 25 m bringusundi, þar sem tímalágmark er 35,0 sek.
- þjálfist í að synda a.m.k. 200 m bringusund, viðstöðulaust
- þjálfist í að synda a.m.k. 15 m björgunarsund með skólabaksundsfótatökum
- þjálfist í 8 m kafsundi
- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka
- taki þátt í sundleikfimi og stöðvaþjálfun á sundstað
- taki þátt í ýmsum leikjum í vatni, s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum og sundknattleikjum
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna
- öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum, t.d. stríðni og einelti
- taki þátt í umræðum um markvissa þolþjálfun í sundi
- þjálfist í ýmsum möguleikum sundiðkunar til heilsueflingar
- taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni sundtaka
- læri og þjálfist í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni.

Stefnt er að því að nemandur taki eitt sundstig árlega, efli þrek, félagslegan- og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengnisreglur á sundstað.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi. Aðlögun, leikir, köfun og flot.

Námsmat

Sundstigsspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori. Sundstigspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga,



umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

Sundstig - samræmd markmið í 6. bekk:

200 m bringusund viðstöðulaust

50 m skólabaksund

25 m skriðsund

25 m baksund

25 m bringusund á tíma, lágmark 25 sek.

15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök)

8 m kafsund

10 m flugsund með eða án hjálpartækja.